

Höfundar

Svanhildur Jónsdóttir
Lára Margrét Gísladóttir
Nils Ólafur Egilsson
Kristjana Erna Pálsdóttir

Dags

Apríl 2020



Tilfni

Umferðaröryggisáætlanir sveitarfélaga

Mat á ávinningi

Tilgangur verkefnisins er að rannsaka hvort umferðaröryggisáætlanir nýttist sveitarfélögum og hvaða áhrif þær hafa haft á umferðaröryggi í sveitarfélögum. Verkefnið er tvískipt. Fyrri hluti verkefnisins snýr að því að rýna kerfisbundið útgefnar umferðaröryggisáætlanir sveitarfélaga á landsvísu, taka saman reynslu sveitarfélaga af gerð þeirra og kanna hvernig eftirfylgni hefur verið, með spurningalista og viðtölum. Í síðari hluta verkefnisins er tíðni tilvika skoðuð til að meta árangur umferðaröryggisáætlana.

Sveitarfélögin voru sammála um að ávinningur hefði hlotist af gerð umferðaröryggisáætlunar og að hún nýttist embættismönnum og sveitarstjórnarmönnum við störf sín. Fram kom að umferðaröryggisáætlun gefur yfirsýn yfir þau verkefni sem vinna þarf til þess að auka umferðaröryggi, einfaldar samskipti við ríkið um sameiginlegar framkvæmdir og að hún nýttist vel fyrir nýja starfsmenn.

Gleðilegt er að slysum hefur almennt ekki fjölgað þrátt fyrir aukna umferð og ekki er útilokað að umferðaröryggisáætlanir eigi þátt í því. Þó að slysgreining sýni ekki með skýrum hætti að gerð umferðaröryggisáætlunar hafi haft bein áhrif á fjölda tilvika er til mikils að vinna sé markvissum aðgerðum beitt. Frá því að umferðaröryggisáætlun er útgefin getur liðið þónokkur tími áður en stór hluti verkefna á forgangslista eru framkvæmd. Það getur því tekið talsverðan tíma þar til árangur sést í slysatölfræði. Þetta getur þó líka verið vísbending um að setja þurfi aukið fjármagn í aðgerðir til að bæta umferðaröryggi, útbúa metnaðarfullri forgangslista og vinna þá hraðar. Reynsla Reykjavíkurborgar sýnir að umferðaröryggisáætlanir hafa skilað beinum árangri í fækkun tilvika. Telja skýrsluhöfundar þessa reynslu sýna að mikilvægt er að sveitarfélög útbúi og uppfæri áfram sýnar umferðaröryggisáætlanir og frekari árangur muni þá sjást á næstu árum.

Kerfisbundin rýni sýndi að flest sveitarfélög höfðu nýtt leiðbeiningar um gerð umferðaröryggisáætlunar. Sveitarfélögin sem hafa gefið út áætlunir eru misstór og því eðlilega einhver blæbrigðamunur á áætlununum. Flest höfðu skipað verkefnisstjóra, myndað samráðhópa, farið yfir slysatíðni og útbúið forgangslista.

Til að umferðaröryggisáætlun skili árangri, þ.e. sé fylgt eftir og uppfærð reglulega, er talið einna mikilvægast að verkefnastjóri sé yfir áætluninni sem er ábyrgur. Jafnframt er forgangsroðun aðgerða mikilvægur þáttur í umferðaröryggisáætlun svo áætlunin nýttist embættis- og sveitarstjórnarmönnum sem best. Með góðri forgangsroðun eru aðgerðirnar hafnar yfir pólitískan ágreining og því líklegra að aðgerðirnar verði framkvæmdar. Einnig er nauðsynlegt að gera tíma- og kostnaðaráætlun fyrir aðgerðirnar til að styðja forgangsroðina.

Börn eru veigamiklir þátttakendur og jafnframt viðkvæmur hópur í umferðinni sem mikilvægt er að muna eftir. Lagt er því til að meira samráð sé haft við þennan hóp. Á forgangslistum voru nánast bara fýsískar aðgerðir en lagt er til að áhersla sé einnig á annarskonar aðgerðir, s.s. fræðslu og herferðir um umferðaröryggi, þar sem þær aðgerðir hafa einnig skilað góðum árangri. Samgöngustofa getur leiðbeint í þeim efnum og á heimasíðu þeirra má finna fræðslufni.

Talið er að sveitarfélög geti kynnt umferðaröryggisáætlun og framkvæmdir betur og þar með aukið vitund íbúa varðandi umferðaröryggi og skapað þannig aukið umferðaröryggi. Einnig er lagt til að við

vinnu og endurútgáfu umferðaröryggisáætlana sveitarfélaga ætti að bæta tengingu við æðri áætlanir, s.s. aðalskipulag og umferðaröryggisáætlun stjórnvalda.

Í umræðukafla er fjallað um mikilvægi þess að setja inn í áætlanir kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og hvort íbúar viti almennt um að umferðaröryggisáætlun sé til. Jafnframt að ekki er fjallað um umferðaröryggisáætlanir sveitarfélaga, hvorki í gildandi samgönguáætlun 2019-2033 né drögum að nýrri fyrir árin 2020-2034.

Skýrsluna í heild sinni má finna [hér](#).